

Mál nr. 87/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Maður slasast við vinnu sína þegar hann var að slá bolta úr bómu þ. 3.1.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.3.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-10

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína hjá A þegar hann var að slá bolta úr bómu og bóman féll niður og slóst við höfuð hans. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og byggir m.a. á því að honum hafi aldrei áður verið falið þetta verk og hann hafi ekki fengið nægjanlega leiðsögn varðandi framkvæmd verksins. Þá byggir M á að vinnu hafi ekki verið hagað þannig að fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar hafi verið gætt. M vísar auk þess til að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins svo sem A hafi borið að gera. Þá er á það bent að M sé ófaglærður. V hafnar bótaskyldu og segir að A lýsi atvikum þannig að M og annar maður báðir vanir menn hafi verið að vinna umrætt verk í sameiningu, en samstarfsmaðurinn hafi verið farinn í mat og því hafi M tekið þá ákvörðun upp á sitt einsdæmi að losa boltann úr krananum. Þá segir V að A segi þetta verk hluta af störfum kranamanna hjá fyrirtækinu og M sé vanur kranamaður. Þá bendir V á að M hafi hafið störf hjá A árið 2000 og því haft almenna vinnureynslu og unnið verk eins og þessi oft áður að sögn A. Þá segir V að umræddur krani hafi verið í fullkomnu lagi. V telur ósannað að slys M verði rakið til atvika sem A beri ábyrgð á, en það megi frekar rekja til eigin háttsemi M.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að þeim tækjum sem unnið var með í umrætt sinn eða vinnuáðstöðu hafi verið áfátt. M hafði verið lengi starfsmaður A og þekkti til verka sem vörðuðu hífinger eins og þá sem um var að ræða í umrætt sinn. Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á að honum hafi verið skylt að framkvæma það verk sem leiddi til slyssins. Þá verður ekki séð að vanræksla á að tilkynna um slysið til Vinnueftirlits ríkisins hafi haft þýðingu miðað við aðstæður. Ekki er sýnt fram á að A eða starfsmenn hans beri bótaskylda ábyrgð á slysi M og á M því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 14.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.